

Fundur 1.5.2023 Darya Dugina Rússnesk kona.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Get ég ekki verið lengi, er ég hér, eru það margar tilfinningar sem í mér togast og bæði er það gleði yfir því að ég skuli lifa á ný á nýjum hnetti og eins er það mikil sorg að fá ekki að ljúka æfistarfi mínu á jörðinni og finn ég mikla andstöðu með ykkar þjóðum.

Við erum hér mörg saman komin og ætlum okkur að efla nýtt heimsskipulag og hefði mér aldrei komið til hugar að þetta væri svona, er hér margt sem kemur á óvart, stórkostlegir möguleikar, öll framtíð jarðarinnar í húfi, ég get ekki talað mikið meira.

Ég ætla að reyna að segja nafn mitt og reyni vonandi að koma síðar.

Reynið að skilja þjóð mína og að fyrir okkur vakir að endurreisa vestræna menningu og koma á friði í okkar heimshluta og endurreisa okkar gamla þjóðfélag og ná því í sína fyrri stærð.

Og láta þjóð okkar fá verðugan sess meðal þjóðanna, viljum við eiga friðsamleg samskipti við vesturlönd og þykir okkur það miður að þetta skuli hafa farið svona og hef ég margt að segja en,

*Áttir þú heima í Rússlandi?*

Já, ég get ekki sagt nafn mitt, reyni að segja nafn mitt, þið skiljið ekki enn þá, ég vil reyna að útskýra síðar, hér er svo margt að segja frá, bæði gott og slæmt og furðulegt, stórkostlegt og margt öðruvísi en ég bjóst við, en gleðifréttir að vera í nýjum líkama á nýrri jörð.

Og erum við hér saman komin miklu stærri hópur en ég bjóst við og eru hér fjölbreyttari menningar áhrif en ég hafði átt von á, get vonandi sagt frá því síðar.

Finnst mér mjög slæmt að skilja við jörðina, en til að útskýra margt en ekki tíma til þess núna, reyni ég að koma síðar, (Raína Gúgina.) Líklega Darya Dugina.

*Raína Gúgina?*

Náði ekki alveg að koma því, reyni að koma síðar, verið þið sælir.

*Vertu sæl.*